

19  
31. maí

**L Ö G**

um

**lögilding verslunarstaða.**

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

**1. gr.**

Á Litla-Árskógssandi í Árskógshreppi í Eyjafjarðarsýslu og Drangnesi við Steingrímsfjörð í Strandasýslu skulu vera löggiltir verslunarstaðir.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðanna samkv. lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Sorgenfríhöll, 31. maí 1927.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Magnús Guðmundsson.*